

**Nr. 037 / 14 Bjartur NK 121*****Skipverji slasast á togveiðum***

Skipaskr.nr. 1278      IMO nr. 7237987  
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál  
Stærð: 461 brl.      658 brt.  
Mesta lengd: 47,20 m      Skráð lengd: 42,24m  
Breidd: 9,5m      dýpt: 6,5m  
Vél: MaK 1472 kW, 1983  
Fjöldi skipverja: 15



Bjartur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 18. apríl 2014 var Bjartur NK 121 á togveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: SV 18 m/s og sjóljútið.

Á veiðunum kom hákarl í trollið og þegar verið var að hífa hann, á sporðinum upp úr pokaum, slitnaði sporðurinn af. Hákarlinn féll á þilfarið með þeim afleiðingum að það sem eftir var af sporðinum slóst í einn skipverjann. Kastaðist skipverjinn aftur á gálgamastrið og klemmdist á milli sporðstúbbsins og trolllunningarinnar. Slasaði marðist á bol og hlaut áverka á andlit.

***Við rannsókn kom fram:***

- að hákarlinn var Grænlandshákarl og talið var að hann hafi verið um þrjú metrar á lengd;
- að sögn slasaða sagðist hann hafa tekið ákvörðun um að slá á sporðinn þar sem hann stóð út úr pokaopinu. Hákarlinn hafi hangið í gilsinum en ekki verið slakað strax niður þegar búið var að loka lúgunni og því slitnaði sporðurinn af;
- að bæði slasaði og skipstjóri könnuðust við að sporðurinn vildi slitna af við svona aðstæður.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.